

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 19. október 2023 eftirfarandi:

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður vegna lóða við Þorraholt.

Breytingin gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúða fjölbýlishúsalóða við Þorraholt aukist úr 220 í 236. Einnig að hluti bygginga geti orðið allt að 5 hæðir.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi Hnoðrahólts norður.

Breytingin gerir ráð fyrir því að hús sunnan Vorbrautar hækki um eina hæð eða úr þremur í fjórar og verði efsta hæðin inndregin. Einnig verður gert ráð fyrir heimild til að hafa bílakjallara á sömu lóðum.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 29. nóvember 2023 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Vetrarbraut 21a og 21b, óveruleg breyting á deiliskipulagi Vetrarmýrar.

Breytingin gerir ráð fyrir því að skipta á lóðum fyrir lokahús hitaveitu í Vetrarmýri. Vetrarbraut 21a var 84 m² verður 120 m². Vetrarbraut 21b var 120 m² en verður 84 m².

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 5. desember 2023.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 6. desember 2023